

Tekið af heimasíðu Reykjavíkurborgar þann 18. desember 2019.

Hlemmur, reitur 1.240.0

[Deiliskipulag](#)

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. desember 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 5. desember 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir reit 1.240.0, Hlemmur. Skipulagið felur í sér endurskipulagningu svæðisins fyrir forgangsakreinar hágæða almenningsgangna, ný gatnamót við Snorrabraut/Bríetartún, nýtt torg og göngugötur, afmörkun byggingarreits fyrir flutningshúsið Norðurpól og ný létt mannvirki fyrir verslun og þjónustu og ný afmörkun deiliskipulagsreita á svæðinu. [Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.](#)

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. desember 2019 til og með 29. janúar 2020**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, **www.reykjavik.is**, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 29. janúar 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**